



Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Fimmtudagur 23. september 2021 kl. 20:00 – 21:20 á Teams

Mætt / vantar

Bjarki Borgþórsson ritari, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir rekstrarstjóri.

Vantar: Skúli Vignisson formaður, Zuhaitz Akizu safnstjóri, Elfa Hlín Pétursdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð

1) Starfsmannamál

- a) ZA er í veikindaleyfi til að minnsta kosti 1. nóvember næstkomandi. Hans veikindaréttur er alls 133 almanaksdagar samkvæmt samningi BHM og SÍS. Hefur hann því rétt á leyfi til 16. Desember næstkomandi.
- b) Laun JB lögð fyrir og samþykkt. JB er staðgengill safnstjóra og er því á hærri launum meðan safnstjóri er í leyfi.
- c) Samþykkt að EHP komi til starfa um áramót í 50% starf fyrir safnið sem verkefnastjóri með áherslu á stefnumótun og framtíðarsýn safnsins, umsjá með styrkjum og samstarfsverkefnum safnsins. Að því gefnu að rekstrarstyrkur fáið fyrir næsta ár, JB falið að ræða við hana um ráðningu.

2) Fastur fundartími stjórnar

- a) Lagt er til að stjórn fundi fast annan hvern fimmtudag kl. 20:00-21:00. Næstu fundir eru því 7., 21. Október og 4. Nóvember væri þá stefnt að aðalfundi.

3) Ársreikningur og aðalfundur

- a) Ársreikningur liggur fyrir og er hagnaður af rekstri ársins 2020 alls 1.413.137 kr. Rekstrarstyrkir telja 6.9 milljónir og verkefnastyrkir 10.5 milljónir.
- b) Ástæða er til að fagna þeirri niðurstöðu þar sem árið 2020 reyndist safninu erfitt enda um að ræða miklar samkomutakmarkanir í starfi í kjölfar af COVID 19. Ástæða þykir til að taka fram að



safnið hefur ekki hlotið neina opinbera styrki vegna faraldursins þar sem safnið er ekki skattskyldur aðili.

c) Stefna skal á aðalafund þann 4. nóvember kl. 17 að Hafnargötu 44.

d) JB falið að eiga samtal við Múlaping um aðalfund og undirbúnings vegna hans.

4) Safnkostur

a) Búið er að finna geymslu fyrir símasýninguna og skjölin og verða þau sett í geymslu í Meyjarskemmuni.

5) Fjármál

a) JB hafði samband við fagfjárfestingar / eignastýringu Landsbankans og var lagt til að hluti bóta sem þarf ekki að vera laus til hreyfingar hratt verði sett í Veltubréf + og það sem á að nota inná skamms fari í veltubréf. Málið í vinnslu.

b) Farið yfir stöðu styrkja vegna ársins 2021 og rekstrarkostnað sem kominn er.

6) Tæming Símsstöðvar

a) Lilja Árnadóttir er að koma 4.-8. Október og þá verður klárað að fara í gegnum Símsstöðina, grisja og flytja muni í geymslu.

7) Önnur verkefni / Önnur mál

Fundur með Byggðaráði, farið yfir mál sem settu voru fram á fundi Byggðaráðs.